

Samþykkt um þátttöku Sveitarfélagsins Hornafjarðar í kostnaði við uppsetningu girðinga á móti lóðarhöfum í þéttbýli

1. gr.

Almenna reglan

Almenna reglan er sú, að bæjarsjóður tekur ekki þátt í gerð girðinga meðfram götum og göngustígum sem ákveðnir eru í skipulagi og ákvörðun liggur fyrir þegar lóðaúthlutun fór eða fer fram. Þetta á einnig við um göngustíga sem komnir voru áður en almennar reglur um deiliskipulag tóku gildi

2. gr.

Undantekning frá almennu reglunni eru þær

- a. Þegar lóðir liggja að skólalóðum skal sveitarfélagið girða skólalóðir af þannig að óþægindi vegna umgengni af t.d boltaleikjum á skólalóðinni valdi sem minnstum óþægindum hjá nálægum lóðarhöfum. Þá fellur allur kostnaður við gerð viðeigandi girðingar á sveitarfélagið.
- b. Þegar skipulagi er breytt þannig að nýr göngustígur er skipulagður meðfram lóðamörkum, þá fellur allur kostnaður við gerð viðeigandi girðingar á sveitarfélagið.
- c. Ef lóðarhafi geti sýnt fram á verulegan átroðning inn á lóð vegna staðsetningar gangstéttar eða göngustígs, tekur sveitarfélagið þátt í helmingskostnaði samanber lög um fjöleignarhús. Þar sem skilgreint er hvernig farið skuli í skiptingu á sameiginlegum kostnaði. Þetta á einnig við síendurtekna skemmdir á girðingu í eigu lóðarhafa.

3. gr.

Viðhald

- a. Um girðingar sem sveitarfélagið hefur kostað í upphafi fellur kostnaður við viðhald á eiganda girðingar.

b. Um girðingar sem sveitafélagið hefur kostað til vegna breytinga á skipulagi meðfram lóðamörkum, fellur kostnaður til helminga á sveitafélag og lóðarhafa.

c. Þar sem sveitfélagið hefur áður tekið þátt í kostnaði við girðingu, helst sú kostnaðar skipting.

4. gr.

Hámarkskostnaður

Sem viðmiðunarkostnaður um eðlilega girðingu skal miðað við venjulega 90 cm. háa girðingu með einfaldri timburklæðingu, á niðursteyptum staurum. Áætlað verð pr.lm er 11.000 kr. miðað við byggingarvísitölu frá janúar 2012.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 7. febrúar 2013.